



# Minnisblað

---

Hveragerði 13.03.2108

## Varðar: byggðamerki Hveragerðisbæjar

Á fundi bæjarstjórnar þann 14. desember 2017 var undirritaðri falið að útbúa reglur um notkun byggðamerkis Hveragerðisbæjar.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er fjallað með eftirfarandi hætti um notkun byggðamerkja.

### **6. gr. Byggðarmerki.**

- Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.
- Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofu sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna.
- Viðkomandi ráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.

Byggðarmerki eru auðkenni fyrir sveitarfélög og lúta þau ströngum reglum um útlit þ.e. reglum skjaldarmerkjafræðinnar. Byggðarmerki skulu hafa skjaldarlögun og vera einföld að gerð.

Haustið 1982 efndi hreppsnefnd Hveragerðis til samkeppni um gerð byggðarmerkis fyrir bæjarfélagið. 80 tillögur bárust frá 27 aðilum. Í nóvember sama ár var efnt til sýningar á tillögunum og þar gátu allir íbúar 12 ára og eldri kosið það merki sem þeim leist best á. Þessar tillögur virðast ekki hafa varðveist því miður. Merki hannað af Helga Grétari Kristinssyni, skiltamálara, sem bjó í Hveragerði á þeim tíma varð hlutskarpast í þeirri kosningu. Virðist það aldrei hafa verið skráð hjá Einkaleyfastofu. Því er lagt til að úr því verði bætt nú þegar. Ennfremur er lagt til að meðfylgjandi reglur um notkun byggðarmerkis Hveragerðisbæjar verði samþykktar af bæjarstjórn.

Virðingarfyllt

Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri



## **SAMÞYKKT UM BYGGÐARMERKI**

### **Hveragerðisbæjar**

#### 1. grein

Byggðarmerki Hveragerðisbæjar skal vera blár skjöldur með þremur litum. Bólstur í merkinu táknar gufuna sem leikur um bæinn en getur einnig táknað lauf eða smára sem einnig er táknrænt fyrir þá garðyrkju og ræktun sem stunduð er í bæjarfélaginu. Innan þessa bólsturs er blár fugl sem táknar hverafuglinn sem getið er í gömlum ritum og talinn er hafa stungið sér í bullandi hverina á þeim stað sem nú er Hveragerði og getið er í fornum ritum undir því sama heiti. Blár litur í bakgrunni er tákn himins.

Litir merkisins skulu vera í Pantone litakerfinu skv. númerum sem finna má á heimasíðu bæjarins.

#### 2. grein

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, bæjarstjóri og stofnanir sveitarfélagsins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli, þar sem það á við, svo og í stimplum. Heimilt er að nota byggðarmerkið ásamt heitinu Hveragerðisbær fyrir neðan.

#### 3. Grein

Notkun á byggðarmerki Hveragerðisbæjar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar, sbr. 29. gr. laga nr. 138/2011. Ekki er heimilt að breyta út af samþyktri gerð merkisins, skv. meðf. teikningu nema í svarthvítri útgáfu. Stjórn málaflökkum er ekki heimilt að nota merkið og óheimilt með öllu er að nota það til stjórn málaáróðurs.

#### 4. grein

Notkun byggðamerkisins við bóka- og blaðaprent er heimil án sérstaks leyfis, og má þá nota merkið bæði sem svarthvítt eða í lit.

#### 5. grein

Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins enda sé slíkt samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar.

#### 6. grein

Umsókn til Hveragerðisbæjar um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarfélagsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og/eða uppdrættir af merkinu eins og á að nota það.

Starfsmenn bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar leiðbeina um gerð merkisins og varðveita sýnishorn af því.